



Kópavogsbær

***HANDBÓK UM MÓTTÖKU B ARNA
MEÐ FJÖLBREYTTAN TUNGUMÁLA-
OG MENNINGARBAKGRUNN Í
LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS***



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Mál sem huga þarf að í upphafi.....	3
Lögheimili	3
Dvalarleyfi	3
Kennitala	3
Heilbrigðisvottorð	3
Fjölmenningardeild Vinnumálastofnunar.....	4
Leikskólaganga barna flóttafólks frá Úkraínu.....	4
Ferli móttöku.....	6
Innritun og móttaka	6
Undirbúningur viðtals	6
Varðandi túlka	7
Móttökuvíðtal.....	7
Upplýsingar til starfsfólks leikskólans	8
Hæfniráttur í íslensku	9
Foreldrasamstarf.....	9
Menningaráfall	10
Samfélagsaðlögun	10
Heimamál	11
Íslenska sem annað mál.....	11
Leiðir til málörvunar	11
Hagnýt ráð.....	12
Ýmsar hagnýtar vefsíður	12
Námsefni gefið út af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu	12
Annað áhugavert efni	13
Fylgiskjöl	14

Inngangur

Markmið þessarar handbókar er að veita starfsfólki í leikskólum Kópavogs upplýsingar og ráðgjöf varðandi móttöku og innritun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Tilgangurinn er að bæta aðferðir leikskólanna við móttöku barnanna, og gera þær enn skilvirkari, þannig að börn og foreldrar/forsjáraðilar þeirra upplifi sig velkomin og örugg í nýjum leikskóla.

Til hóps barna með íslensku sem annað mál teljast:

- börn sem hafa fæðst erlendis.
- börn sem eiga foreldra af erlendum uppruna.
- börn sem hafa búið erlendis og snúa aftur.

Efnið sem hér fer á eftir var unnið af Guðlaugu Snorradóttur, Donata H. Bukowska í Alþjóðaveri Álfhólsskóla, Mariönnu Einarsdóttur og Heklu Hannibalsdóttur á menntasviði Kópavogsbæjar.

Hafa skal í huga að handbókin er lifandi skjal sem verður uppfært og lagað eftir því sem við lærum og þróum starf okkar áfram. Dagsetning í neðanmáli gefur til kynna hvenær síðasta uppfærsla átti sér stað.

Mál sem huga þarf að í upphafi

Lögheimili

Mikilvægt er að leikskólabarnið sé skráð með lögheimili í Kópavogi. Ef barnið er ekki með lögheimili í Kópavogi verður að sækja um að lögheimilissveitarfélagið greiði leikskólagjöld.

Dvalarleyfi

Meginreglan í leikskólum Kópavogs er að veita börnum, sem eru innflytjendur og hafa aldur til, leikskólavist eins fljótt og auðið er. Ekki er beðið eftir að þau fái dvalarleyfi, heldur er áhersla lögð á að umsóknarferli sé komið af stað vegna þess. Meðan á umsóknarferli stendur eru börnin utan þjóðskrár, en skráð um leið og formlegt dvalarleyfi hefur verið afgreitt.

Ástæða á töfum á leyfisveitingu getur verið sú að foreldrar/forsjáraðilar hafi ekki skilað umbeðnum gögnum til Þjóðskrár, s.s. ljósriti af vegabréfi, forsjárgögnum, staðfestu frumriti af fæðingarvottorði, húsnæðisvottorði eða þýðingu löggiltra skjalaþýðenda á erlendum umbeðnum gögnum. Nánari upplýsingar má finna á vef [Þjóðskrár](#).

Kennitala

Mikilvægt er að fylgjast með því að barn fái kennitölu. Til að geta sótt um kennitölu fyrir barn verður foreldri/forsjáraðili að hafa dvalarleyfi. Framvísa þarf þýddu fæðingarvottorði barnsins í Þjóðskrá Íslands, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Foreldri verður að sækja um kennitölu fyrir barnið og vera sjálfur með útgefið dvalarleyfi og skráður í Þjóðskrá. Ekki dugar að vera skráður í utangarðsskrá.

Umsókn þarf að fylgja:

- a. Ljósrit úr gildu vegabréfi barnsins
- b. Gefa réttar upplýsingar um tilgang dvalarinnar á Íslandi
- c. Uppfylla eftirfarandi grunnskilyrði
 - o Trygg framfærsla
 - o Sjúkratrygging
 - o Hreinn sakaferill

Sjá nánar á [island.is](#)

Ef barn er ekki komið með kennitölu þegar það hefur leikskólagöngu er hægt að hafa gervikennitölu meðan beðið er. Foreldri/forsjáraðili verður að hafa kennitölu til að reikningar berist þeim fyrir leikskólagjöldum.

Heilbrigðisvottorð

Þegar erlendir foreldrar/forsjáraðilar sækja um leikskóla er mikilvægt að tekið sé fram við þá að heilbrigðisvottorð og bólusetningarvottorð þurfi að fylgja umsókn um leikskólavist. Samkvæmt verklagsreglum sóttvarnarlæknis skulu þau börn sem koma til landsins frá eftirtöldum svæðum gangast undir læknisrannsókn vegna sóttnæmra sjúkdóma:

- Mið- og Suður-Ameríku, þ.m.t. Mexíkó

- Löndum í Evrópu sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES)
- Asíu
- Afríku

Börn sem koma frá eftirtöldum ríkjum þurfa hins vegar ekki að framvísa læknisvottorði:

- Löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins (annarra en Rúmeníu og Búlgaríu)
- Sviss
- Bandaríkjunum
- Kanada
- Ástralíu
- Nýja-Sjálandi

Læknisrannsóknin tekur til þeirra smitsjúkdóma sem ógna heilsu manna á hverju því landsvæði sem komið er frá. Börn sem flust hafa til landsins frá svæðum þar sem berklar eru útbreiddir, skal berklaprófa við komuna til landsins í tengslum við dvalarleyfi. Við upphaf leikskólagöngu þessara barna skal ganga úr skugga um að þau hafi undirgengist læknisrannsókn, þ.m.t. berklapróf. Hafi það ekki verið gert skal gera slíka rannsókn skv. verklagsreglum um læknisrannsókn á fólki sem flyst til Íslands, sem gilda frá mars 2023. Sjá nánar á: island.is.

Heilbrigðisskoðun innflytjenda annast heilbrigðisskoðun innflytjenda og gefur út heilbrigðisvottorð þeim til handa sem sækja um atvinnu- og dvalarleyfi á Íslandi. Hægt er að panta tíma í skoðun í síma 513 5130 alla virka daga frá klukkan 9:00 – 12:00 og 12:45 – 15:00. Staðsetning er í Domus Medica Egilsgötu 3, 101 Reykjavík, netfang: hi@heilsugaeslan.is

Fjölmeningardeild Vinnumálastofnunar

Á vefsíðu [Fjölmeningardeildar](#) Vinnumálastofnunar er að finna bæklinga um fyrstu skrefin þegar innflytjendur eru nýkomnir til Íslands.

Einnig eru þar ýmsar gagnlegar [upplýsingar](#) sem hægt er að benda nýkomnum erlendum foreldrum á um íslenska menntakerfið á ýmsum tungumálum.

Leikskólaganga barna flóttafólks frá Úkraínu

Hér að neðan er að finna leiðbeiningar frá [Stjórnarráði Íslands](#) um það sem þarf að gera til að koma börnum og ungmennum á flótta frá Úkraínu í skóla á Íslandi. Áður en barn eða ungmenni getur hafið skólagöngu þarf það að hafa fengið dvalarleyfi og farið í læknisskoðun.

1. Til að sækja um skólavist fyrir barn í leikskóla þarf rafræn skilríki.
2. Foreldrar/forsjáraðilar barna og ungmenna frá Úkraínu sem sækja um dvalarleyfi fá SIM-kort frá Útlendingastofnun fyrir farsímamann sinn.
3. Þegar Útlendingastofnun hefur veitt dvalarleyfi fá foreldrar/forsjáraðilar dvalarleyfiskort með kennitölu.
4. Foreldrar/forsjáraðilar fara með farsímamann og kennitölu til símafyrirtækis síns sem tengir nafn og kennitölu þeirra við símanúmerið sem þau hafa fengið. Þegar sækja á um rafrænt

skilríki í farsíma þarf að hafa farsímamann við höndina og kennitölu auk þess að hafa ökuskírteini eða vegabréf meðferðis.

5. Fylla þarf út eyðublað á vef viðkomandi sveitarfélags um leikskólavist fyrir barnið. Í flestum tilvikum fer barnið á biðlista þar til pláss losnar. Börn eru tekin inn eftir aldri (elstu börnin fyrst). Hafið samband við sveitarfélagið ef þið þurfið aðstoð.
6. Hægt er að hafa samband við sveitarfélag um leikskólagjöld og framvindu mála.
7. Foreldrar/forsjáraðilar þurfa að fara með barn sitt í læknisskoðun áður en það getur byrjað í leikskóla.
8. Sveitarfélagið sendir staðfestingu til foreldra/forsjáraðila þegar barninu er úthlutað pláss í leikskóla. Þar koma fram upplýsingar um næstu skref.

Ferli móttöku



Innritun og móttaka

Ákveðinn er tími fyrir fyrsta móttökuvíðtal. Fyrsta viðtal fer fram með foreldri ásamt túlki og deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra. Athugið að móttökuvíðtalið er ítarlegt og því mikilvægt að áætla góðan tíma fyrir það. Gott er að nýta gátlista fyrir móttökuvíðtalið sem finna má í *fylgiskjali 1* og eyðublað fyrir bakgrunnsupplýsingar í *fylgiskjali 2*.

Undirbúningur viðtals

- Leikskólastjóri ákveður á hvaða deild barnið fer.
- Deildarstjóri er upplýstur um komu barnsins, hvaðan það er og hvenær móttökuvíðtalið fer fram.
- Ákveðið er hvenær aðlögun hefst og hver sjái um aðlögun barnsins.
- Útbúið er sjónrænt skipulag fyrir barnið sem foreldrum er kynnt í viðtalinu og þau beðin um að útskýra fyrir barninu á þeirra heimamáli.
- Útbúa spjald með myndum og nöfnum starfsfólks deildar barnsins (og jafnvel börnum á deild barnsins ef við á).
- Deildarstjóri undirbýr börnin á deildinni fyrir komu barnsins.
- Teknar eru saman upplýsingar fyrir viðtal, sjá gátlista í *fylgiskjali 1*.
- Ákveðinn er tími sem foreldrar eru boðaðir og túlkur pantaður frá túlkþjónustu.

Allir skólar eiga sitt númer sem gefa þarf upp þegar túlkun er pöntuð. Rammasamningur um þýðinga- og túlkaþjónustu er að finna á eftirfarandi hlekk en þar er listi yfir túlkaþjónustur sem bjóðast. Upplýsingar um einstaka þýðendur er að finna undir flípanum [seljendur](#):

Varðandi túlka

Gott er að vera í samráði við foreldra/forsjáraðila áður en túlkur er pantaður. Þegar túlkur er pantaður þarf að taka fram hvaða tungumál foreldrar/forsjáraðilar tala, því ekki nægir alltaf að vita upprunaland heldur þarf að vita um móðurmál viðkomandi. Reikning skal senda til leikskóladeildar menntasviðs. Túlkur er bundinn þagnarskyldu við störf sín og er hlutlaus aðili.

Atriði sem gott er að hafa í huga þegar notast er við túlk

- Ávarpaðu og talaðu beint við viðmælanda þinn í fyrstu persónu, ekki túlkinn.
- Mundu að túlkurinn á aðeins að túlka, ekki láta í ljós álit sitt á viðmælanda þínum eða öðrum atriðum viðtalsins.
- Talaðu skýrt og notaðu stuttar setningar.
- Sýndu þolinmæði ef túlkurinn þarf að fá nánari útskýringar á einhverjum atriðum viðtalsins.

Hlutverk túlksins

- Túlkurinn er óháður og tekur ekki afstöðu.
- Túlkurinn á að túlka allt sem sagt er í viðtalinu.
- Túlkurinn hefur ekki leyfi til að koma með sínar eigin skoðanir, ráðleggingar eða athugasemdir og hafa þannig áhrif á viðtalið.
- Túlkur skal ekki láta í ljós álit sitt á þeim aðilum sem túlkað er fyrir.

Móttökuvíðtal

- Móttökuvíðtalið sitja foreldrar/forsjáraðila, túlkur og deildarstjóri ásamt sérkennslustjóra og leikskólastjóra. Ávallt skal kalla til túlk fyrir móttökuvíðtal. Mikilvægt er að skyldmenni eða vinir túlki ekki víðtalið. Jafnframt skal kallað á túlk þótt annað foreldri barnsins sé íslenskt. Gengið er frá dvalarsamningi, með aðstoð túlks, sem foreldrar undirrita. Foreldrar fá afhent afrit af dvalarsamningi.
- Óskað er eftir bakgrunnsupplýsingum um barnið ef mögulegt er, sjá *fylgiskjal 2*.
- Athuga þarf hvort læknisskoðun hafi farið fram þar sem barninu er ekki heimilt að hefja leikskólagöngu nema að undangenginni læknisskoðun (sjá kafla um heilbrigðisvottorð). Óskað eftir bólusetningarvottorði barns og tekið ljósrit af því.
- Kynna þarf fyrir foreldrum/forsjáraðilum að gerð verði einstaklingsáætlun og myndræn stundatafla yfir skipulag dagsins. Gott er að nota myndrænu orðabókina [Ljáðu mér orð](#) eftir Elísabetu Valgerði Magnúsdóttur og Hildi Baldursdóttur til að auðvelda barninu að eiga samskipti við börn og fullorðna. Orðabókin er á [Fjölmenningarvef Kópavogs](#).
- Afhenda foreldrum bókina [Orð eru ævintýri](#)
- Í móttökuvíðtali þarf að gefa foreldrum/forsjáraðilum sem bestar upplýsingar um leikskólann en þó verður að hafa í huga að of mikið upplýsingaflæði skilar sér ekki alltaf.

Því er gott að safna upplýsingum um leikskólann í möppu til að afhenda foreldrum og fara svo yfir upplýsingarnar saman.

- Gott er að bjóða foreldrum blað og penna til að punkta hjá sér ef þau vilja. Gátlista fyrir móttökuvíðtal er að finna í *fylgiskjali 1*, mikilvægt er að prenta hann út og hafa með svo að ekkert gleymist.
- Á vefsíðunni *Fjölmennig* er að finna efni með upplýsingum fyrir foreldra á ensku og pólsku sem hægt er að prenta út.
- Í lok viðtals er ákveðinn fundartími fyrir næsta viðtal sem mun fara fram eftir einn mánuð. Staða barnsins verður þá skoðuð með tilliti til líðan, hvort barn sé byrjað að tileinka sér íslensku og hvort það hafi myndað félagsleg tengsl.

Upplýsingar sem gott er að upplýsa foreldra um og hafa í upplýsingamöppu (sjá gátlista 1):

- Skóladagatal skólans (skipulagsdagar, skráningadagar)
- Vala
- Upplýsingar um skólann; símanúmer, stjórnendur, vefsíðu, tölvupóstfang
- Upplýsa foreldra um að þau geta ávallt óskað eftir samtali við deildarstjóra eða aðra stjórnendur til að fá upplýsingar um hvernig barninu vegnar í skólanum.
- Upplýsa foreldra um mikilvægi þess að barnið mæti reglulega í skólann og dvalartími þess sé vel nýttur til að auka möguleika barnsins að ná tókum á íslensku ásamt því að örva félagsþroska þess.
- Upplýsa foreldra um þær hefðir sem viðhafðar eru í skólanum, jólahefðir, öskudag, útskrift, vorferðir svo fátt eitt sé nefnt.
- Þá er einnig mikilvægt að upplýsa foreldra að þeir séu hluti af foreldrafélagi skólans um leið og barnið þeirra byrjar, einnig að foreldrafélagið standi fyrir viðburðum sem mikilvægt er að reyna taka þátt í. Foreldrafélög rukka inn gjald til að geta staðið fyrir viðburðum en frjálst er að vera í félaginu.
- Upplýsa foreldra um mikilvægi þess að þau haldi heimamáli vel að börnunum með lestri og daglegum samræðum.
- Fara yfir hlutverk foreldra í skólastarfi og upplýsa þá um mikilvægi góðrar samvinnu milli heimilis og skóla með velferð barnsins að leiðarljósi.
- Upplýsa foreldra um að skólinn muni fylgjast með framgangi barnsins í íslensku með því að nýta sér Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltýngd börn í leikskólum og munu þau vera upplýst um framgang barnsins jafnóðum.
- Frístundastyrki ætti að kynna fyrir foreldrum 5 ára barna því mikilvægt er að vita af niðurgreiðslu fyrir börnin til að stunda íþróttir og aðrar tómstundir. Lista yfir íþróttafélög í Kópavogi og upplýsingar um frístundastyrk á ensku og pólsku er að finna á *Fjölmennigavef* Kópavogs.

Upplýsingar til starfsfólks leikskólans

Eftir móttökuvíðtal er mikilvægt að deildarstjóri upplýsi það starfsfólk sem koma til með að sinna barninu um það sem skiptir máli, menningarlegan bakgrunn barnsins o.fl. Mikilvægt er

að allt starfsfólk leikskólans sýni börnum og foreldrum/forsjáraðilum þess skilning og hjálpsemi, t.d. með því að segja frá leikskólastarfinu og láta vita af komandi atburðum.

Það er stórt skref fyrir öll börn að byrja í leikskóla. Þau börn sem ekki hafa íslensku að heimamáli þurfa að takast á við reynslu sem er bæði ný og spennandi en líka flókin og erfið. Börnin þurfa að tileinka sér nýtt tungumál og menningu sem kannski er ólík þeirri sem þau þekkja og það getur valdið álagi. Mikilvægt er að leikskólinn sé vel undirbúinn fyrir komu barnsins og að umhverfið sé hlýlegt og hvetjandi.

Mikilvægt er að gera þjóðerni barna og starfsfólks sýnilegt og sýna þannig tungumáli og menningu allra áhuga. Það er t.d. hægt að gera með því að hengja upp kveðjur á öllum tungumálum sem töluð eru í leikskólanum og hengja upp þjóðfána (í samráði við foreldra) allra og merkja löndin sem börn og starfsfólk koma frá inn á heimskort. Á *Fjölmenningsavef* Kópavogs er að finna ýmislegt sem hægt að prenta út og hengja upp í leikskólanum. Einnig er ýmiss fróðleikur og efni í Bjargráðabankanum sem hægt er að nýta sér í vinnu tengdum börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Góð ráð fyrir fyrsta leikskóladag barnsins

- ✓ Upplýsa börnin og starfsfólk á deildinni um nafn barnsins sem er að byrja
- ✓ Hafa einfalt sjónrænt skipulag tilbúið fyrir barnið
- ✓ Að hafa allan efnivið merktan með mynd og texta
- ✓ Hafa myndir af börnum og kennurum ásamt nöfnum þeirra sýnilegt fyrir barnið

Hæfniráttar í íslensku

Vinna við endurskoðun aðalnámskrár leikskóla hófst hjá Miðstöð menntunar og skólajónustu í byrjun árs 2019. Fljótlega var ákveðið að samhliða breytingum á námskránni þyrfti dýpri umfjöllun um máltileinkun ungra barna. Samhliða endurskoðun aðalnámskrá leikskóla voru Hæfniráttar í íslensku fyrir fjöltýngd börn í leikskólum unnir með tilliti til rannsókna síðustu áratuga á þróun málþroska ungra barna. Með Hæfnirömmunum er hægt að fylgjast með framförum barna í íslensku sem hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Foreldrasamstarf

Áhersla er lögð á að hafa mikið og gott samstarf við foreldra/forsjáraðila og eru þeir hvattir til að ræða við kennara um hvernig gengur í leikskólanum og heima. Þeir eru hvattir til að heimsækja leikskólann eins oft og þeir óska. Mikilvægt er að foreldrar/forsjáraðilar séu reglulega upplýstir um stöðu barna sinna og um leiðir til að aðstoða börn sín ef þarf.

Eftir u.þ.b. einn mánuð er tímabært að taka annað viðtal við foreldra/forsjáraðila, deildarstjóri þarf að taka stöðuna á líðan barnsins, foreldrar fá þá tækifæri til að segja frá upplifun sinni. Það samtal þarf að sníða að hverjum og einum.

Virk þátttaka foreldrar/forsjáraðila í leikskólastarfinu auðveldar gagnkvæma aðlögun allra sem að leikskólastarfinu koma. Farsæl leið til að erlendir foreldrar verði þátttakendur er að veita

þeim skipulega upplýsingar um samstarf foreldra, þátt þeirra í leikskólasamfélaginu og réttindi barna þeirra.

Rétt er að leita fjölbreyttra leiða til að ná til foreldrar barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Hvers konar kynning og aðgangur að umhverfinu, þjónustu bókasafnanna í bænum, viðburðum, hefðum og skemmtunum sem auka líkur á inngildingunni erlendrar íbúa í samfélagið.

Menningaráfall

Mikið áfall getur fylgt því að flytjast á milli landa og menningarheima. Því fylgir streita þar sem fólk veit ekki hvernig það á að hegða sér í nýju landi. Það þarf að takast á við nýjar aðstæður og getur ekki nýtt sér þekkingu sína. Mikilvægt er að allir aðilar innan skólanna skilji eðli menningaráfalls svo þeir bregðist rétt við. Mikið tilfinningalegt uppnám við flutninga getur verið börnum óbærilegt. Það er erfitt að vera í framandi landi og kunna ekki málið, börnin upplifa einnig vanmátt foreldra sinna til að aðstoða þau.

Í nýju landi eru samskiptareglur oft ólíkar því sem þau eiga að venjast og verða börn og foreldrar ráðvillt vegna þess sem kemur þeim fyrir sjónir í íslenskum leikskólum. Þess vegna er mikilvægt að koma góðum upplýsingum um leikskólann, skólakerfið og samskiptahætti innan leikskólans til foreldrar strax í fyrsta viðtali. Starfsfólk leikskólans þarf að sýna mikinn skilning og þolinmæði og gefa sér tíma til að útskýra einfalda hluti.

Menningaráfall hefur verið greint í fimm stig:

- Fyrsta stigið, sem oft er kallað hveitibrauðsdagar, einkennist af spennandi tíma og væntingum til nýja landsins.
- Annað stigið er hið raunverulega áfall. Það einkennist af almennri vanlíðan, kjarkmissi og brotinni sjálfsmynd. Þá sýnir fólk gjarnan fjandsamlega afstöðu gagnvart gestgjafalandinu.
- Þriðja stigið einkennist af því að fólk hellir sér í nýja lífnaðarhætti. Samskipti við innfædda nást og þekking á nýrri menningu eykst.
- Fjórða stigið er eins konar lokastig aðlögunarinnar. Einkennist þetta stig af aðlögun og fullri þátttöku í nýju samfélagi.
- Fimmta stigið hefur örlítið aðra hlið. Það fylgir því ef fólk flytur aftur til heimalands síns. Það getur kallað fram annars konar menningaráfall eða endurkomuáfall sem er afleiðing af því að viðkomandi hefur verið lengi í burtu frá heimalandi sínu.

Auk alls ofangreinds eru erlendar fjölskyldur oft án náinna ættingja og vina. Það stuðningsnet sem flestir eru vanir er ekki lengur til staðar.

Samfélagsaðlögun

Gagnkvæm aðlögun byggir á því að aðlaga fjölskyldur innflytjenda að samfélaginu og gera þá að virkum einstaklingum. Með þátttöku foreldra af erlendum uppruna í foreldrastarfi leikskóla má opna hug allra aðila sem að leikskólastarfinu koma. Bæði upplýsa erlenda foreldra/forsjáraðila um leikskólastarfið og réttindi barna sem og upplýsa aðra um stöðu innflytjenda.

Mikið og gott tímstundastarf er í boði í Kópavogi hjá Íþróttafélögunum, tónlistarskólum og myndlistarskóla. Öll börn á aldrinum 5 – 18 ára með lögheimili í Kópavogi eiga rétt á frístundastyrk til tímstundaiðkunar. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem taka þátt í tímstundum og frístundastarfi utan skólatíma læra nýja samfélagsmálið hraðar og öðlast meiri og dýpri orðaforða ásamt því að eignast vini.

Heimamál

Mikilvægt er að börn viðhaldi heimamáli/um. Börn með annað heimamál en íslensku hafa ólíkan tungumála- og menningarlegan bakgrunn. Mikilvægt er að málumhverfi barna í leikskólanum sé gott, þ.e. að börnin fái bæði gæðamálörvun á íslensku og ríkulegt ílag í daglegu starfi leikskólans

Málumhverfi barns hefur mikil áhrif á máltöku, hvort sem um er að ræða heimamál eða skólamál. Traust undirstaða í heimamáli getur verið forsenda færni í skólamáli.

Foreldrar/forsjáraðilar eru hvattir til að tala við og lesa fyrir barnið á heimamáli sínu.

Heimamál og brúarsmíði í hnotskurn:

- Barn sem elst upp við tvö tungumál lærir fljótt talmál meirihlutans.
- Tungumálið sjálft er grundvöllur gerða og hugsana.
- Tungumál, menning og nám eru órjúfanlega tengd.
- Öll börn hafa rétt til að fá að læra og viðhalda heimamáli sínu.
- Heimamálið er talið grundvöllur frekara náms hugsana og félagsmótunar.
- Mikilvægt að börn geti tjáð sig á sínu heimamáli.
- Tvítyngdir kennarar geta aðstoðað barn við að auka orðaforða og málskilning á heimamáli sem og á nýja tungumálinu.
- Mikilvægt er að barn eyði sem mestum tíma í virku málumhverfi nýja málsins.

Íslenska sem annað mál

Börn með annað heimamál en íslensku hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar nám, tungumál og menningu. Þau hafa mismikla undirstöðu í eigin tungumáli og eru misjafnlega undirbúin til að takast á við nýtt tungumál í nýju og framandi umhverfi. Mikilvægt er að saman fari markmið þar sem leitast er við að þjálfar börn í íslensku máli sem og menningarfærni og með því stuðla að félagslegri vellíðan barnsins. Þau fela í sér að nýja tungumálið er lykill að íslensku samfélagi, og verði þannig brúarsmíði sem tengir saman samfélagið, íslenskt skólastarf, íslenskt atvinnuumhverfi og brúi þar af leiðandi ólíka menningarheima.

Leiðir til málörvunar

Starfsfólk leikskóla er mikilvægt í kennslu í íslensku sem öðru máli og ber ábyrgð á því að veita börnum gæðamálörvun í daglegu starfi leikskólans. Þetta skiptir sérstaklega miklu máli fyrir börn sem hafa annað heimamál en íslensku og verða að treysta á skóladaginn til þess að ná tókum á íslensku tungumáli.

Huga þarf vel að því að gefa börnunum mörg tækifæri til samskipta;

- ✓ Ekki nægir að leggja inn orð án samræðna – til þess að ná góðum tókum á tungumáli þarf barn að eiga í gagnvirkum samtölum við aðra (í þessu tilfalli starfsfólk leikskólans) en það getur haft afgerandi áhrif á málþroskann hversu ríkulegt málumhverfið er af slíkum samræðum.
- ✓ Mikilvægi er að spyrja börn opinna spurninga (sem krefjast ekki aðeins já/nei svars).
- ✓ Spyrja t.d. „hvað varstu að gera í útiveru“ í stað þess að spyrja „varstu að róla“ „var gaman“ o.s.frv
- ✓ Hv- spurningar bjóða oft upp á góðar samræður.

Að nýta sér sem mest sjónrænt skipulag ásamt því að hafa allan efnivið og hluti merkta með myndum og texta eru allt leiðir til að byggja upp orðaforða barnanna.

Hagnýt ráð

- ✓ *Fjölmenningarvef Kópavogs*
- ✓ *Gefðu 10, ekki bíða byrjaðu strax*
- ✓ *Tal og málörvun*
- ✓ *Tví- og fjöltyngi*
- ✓ *Gæðamálörvun í daglegu starfi*

Ýmsar hagnýtar vefsíður

- *Allir með en enginn eins – fjölmennig í leikskóla*
- *Tungumálatorg*
- *Söguskjóður* verkefni frá leikskólanum Krílakoti á Dalvík til að efla samskipti við forráðamenn.

Námsefni gefið út af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

- *Leikur að íslenskum orðum*
Vefurinn er ætlaður til málörvunar í íslensku.
- *Tákn með tali*
Tákn með tali er tjáskiptaaðferð sem notuð er til að styðja við máltöku barna. Aðferðin byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli.
- *Íslenski máhljóðakassinn*
Efni sem nota má til að kenna og leiðrétta framburð, þjálfva hlustun og hljóðgreiningu og efla orðaforða og hugtakanotkun.
- *Markviss málörvun*
Kerfisbundin þjálfun í hljóðkerfisvitund í gegnum leik. Byrjað er á hlustunar-leikjum, þá koma rímleikir, þulur og vísur. Síðan taka við leikir sem tengjast uppbyggingu málsins, skiptingu þess í setningar, orð og orðhluta og að lokum greiningu stakra hljóða.
- *Orðaforðalisti*

Orðaforðalistinn er hugsaður sem verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldrar til að styðjast við þegar þeir vinna að eflingu orðaforða barna. Orðasafnið er ekki hugsað sem matstæki, skimun eða próf. Efninu fylgir einnig hugmyndabanki, myndir og kynningarmyndband.

- **Orð eru ævintýri**
- **Orðasjóður**
Námsefni til málörvunar, tilgangur þess er að hjálfa hlustun og talað mál ásamt því að byggja upp orðaforða daglegs lífs.
- **Krakkavefur, Miðstöð menntunar og skólabjónustu**
Leikur að íslenskum orðum, Lestur er leikur, Samhljóðar í himingeimnum, Stafaleikir Bínu, Stafaleikir Búa, Stafaplánetur.

Annað áhugavert efni

- ***Fjölmenning og íslenska sem annað mál í Kópavogi (facebook hópur)***
Tengslanet, reynslubanki, hugmyndamarkaður, stuðningsnet o.fl. fyrir kennara og aðra starfsmenn í leik- og grunnskólum Kópavogs sem vinna með nemendum með annað móðurmál en íslensku.
- **Glosbe**
Orðabók svipuð google translate, hægt að þýða stök orð, ekki samfelldan texta en með miklu stærri gagnagrunn.
- **Diki** Pólsk/ensk orðabók.

Deilum hugmyndum og verkefnum. Senda má verkefni og hugmyndir í fjölmenningslegri kennslu í leikskóla til ráðgjafa á menntasviði Kópavogs sem sér um að vista efnið inn á vefsíðuna.

Hjálpumst að!

Fylgiskjöl

Á næstu blaðsíðum má finna eftirfarandi fylgiskjöl:

- 1) Gátlisti fyrir móttökuvíðtal
- 2) Bakgrunnsupplýsingar

Gátlisti fyrir móttökuvíðtal við foreldrar barns með annað móðurmál en íslensku

Viðtal við: _____ dags: _____

Efni til að afhenda/ræða um í móttökuvíðtali við foreldra með aðstoð túlks	Fjallað um	Afhent
Dvalarsamningur útfylltur, foreldri fær rafrænt afrit dvalarsamnings.		
Upplýsingar um leikskólann; símanúmer, stjórnendur, vefsíðu, völu-appið, veikindatilkynningar og leyfisbeiðnir.		
Samskipti við heimilið, tölvupóstur, upplýsingatafla í anddyri eða við inngang deilda.		
Ræða um nauðsyn þess að láta leikskólann vita ef breytingar verða á högum fjölskyldunnar eða líðan barnsins á meðan á leikskólagöngu stendur.		
Fara yfir dagskipulagið og ræða um; <ul style="list-style-type: none"> ✓ að koma með barn og sækja barn ✓ fatahólf ✓ úti - og aukafatnaður (mikilvægt að ræða um viðeigandi fatnað) ✓ næringarstefna, gott að sýna foreldrum hvar þeir geta fylgst með matseðli ✓ matartími ✓ hvíldina ✓ hópastarf ✓ útiveru, vettvangsferðir o.s.frv. 		
Upplýsingar um almennar reglur í leikskólanum og mikilvægi þess að mæta í leikskólann		
Upplýsingar um uppeldisaðferðir vegna menningarmunar		
Skóladagatal leikskólans, frídagar, skipulagsdagar, skráningardagar og sumarleyfi.		
Ræða þroskapróf og skimanir sem fara fram í leikskólanum.		
Kynna sérfræðipjónustu sem í boði er.		
Viðtöl við foreldra og fundir.		
Foreldrafélag og foreldraráð leikskólans kynnt, hlutverk og starfsemi þess.		
Ræða reglur og venjur í sambandi við afmæli, ferðalög o.fl.		
Kynning á ýmsum uppkomum tengdum íslenskum hefðum, s.s. þorrablót, öskudagur og jólahald.		

HANDBÓK UM MÓTTÖKU BARNNA MEÐ FJÖLBREYTTAN TUNGUMÁLA- OG
MENNINGARBAKGRUNN Í LEIKSKÓLA

<p>Upplýsingar um leikskóla Kópavogs á ensku og pólsku má finna á <u>Fjölmeningavef</u> Kópavogs</p>		
<p>Frístundastyrki ætti að kynna fyrir foreldrum eldri barna því mikilvægt er að þeir viti af niðurgreiðslu til barna frá 5 ára aldri til að stunda íþróttir og aðrar tómstundir. Lista yfir íþróttafélög í Kópavogi og upplýsingar um frístundastyrk á ensku og pólsku er að finna á <u>Fjölmeningavef</u> Kópavogs</p>		
<p>Rétt er að upplýsa foreldra/forsjáraðila um að þeir séu velkomnir í leikskólann hvenær sem er og geti hringt í deildarstjóra ef spurningar vakna varðandi leikskólagönguna. Þá er í sumum tilfellum gott að hafa í huga að bjóða foreldrum upp á lengri aðlögun ef svo ber undir. Gott og traust samstarf við foreldra myndar grunn að öryggi barnsins sem og foreldra þeirra.</p>		
<p>Ákveða í lokin tíma fyrir næsta viðtal eftir einn mánuð þar sem staðan verður tekin.</p>		

Bakgrunnsupplýsingar vegna barns með annað móðurmál en íslensku

Viðtal við: _____ dags: _____

Bakgrunnsupplýsingar frá foreldrum/forsjáraðilum			
Hvað er barnið kallað heima?			
Hefur nafn barnsins einhverja sérstaka merkingu?			
Hverjir eru í fjölskyldu barnsins?			
Hvert er þjóðerni barns?			
Hve lengi hefur barnið búið á Íslandi?			
Elst barnið upp við tví-/fjöltyngi?			
Hver er málstefna fjölskyldunnar?			
Hefur barnið upplifað erfiðleika/áfallasögu sem gætu haft áhrif á þroska þess?			
Þekkir fjölskyldan marga á Íslandi (tengslanet)?			
Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera?			
Upplýsingar um hefðir og menningu fjölskyldunnar.			
Hver fer með forræði barns og hvernig er fyrirkomulagið?			
	Já	Nei	Eitthvað annað
Var meðganga og fæðing barnsins eðlileg?			
Hefur barnið verið heilsuhraust?			
Hefur barnið farið í reglubundnar skoðanir á heilsugæslustöð?			
Sýndi barnið frávík í málþroska í skoðun á heilsugæslu?			
Hefur barnið farið í heyrnarmælingu?			
Bregst barnið við nafninu sínu?			
Sýnir barnið þörf fyrir boðskipti?			
Á barnið auðvelt með augnsamband?			

**HANDBÓK UM MÓTTÖKU BARNA MEÐ FJÖLBREYTTAN TUNGUMÁLA- OG
MENNINGARBAKGRUNN Í LEIKSKÓLA**

Sýnir barnið áhuga á umhverfinu?			
Sýnir barnið áhuga á öðrum börnum?			
Fer barnið eftir einföldum fyrirætlum?			
Hefur barnið áhuga á bókum, er lesið fyrir barnið?			
Finnst foreldrum málþroski barnsins aldursvarandi (hjal, babl, orð)?			
Er barnið að bæta við sig skilningi á nýjum orðum?			
Er barnið byrjað að tengja saman orð? 18 mánaða +			
Hefur málþróun stoppað hjá barninu á einhverjum tíma?			
Hafa foreldrar haft áhyggjur af þroska eða hegðun barnsins?			
Hefur greinst þroskahömlun, athyglisbrestur, kvíði eða lestrarörðuleikar í fjölskyldunni?			
Notar barnið: snuð bleyju annað:			
Borðar barnið allan mat?			
Borðar barnið sjálft?			
Er barnið með ofnæmi/óþol?			
Eitthvað annað sem foreldrar vilja að komi fram?			